

## FUNDARGERÐ

223. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn á TEAMS (af sóttvarnarástæðum), 27. janúar 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttur, Jón Ólafsson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Mörður Árnason, Björn Ólafsson, Guðlaugur G. Sverrisson, Lára Hanna Einarsdóttir og Valgeir Vilhjálmsson. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármáladeildar og Sigrún Hermansdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1) Fundargerðir

Fundargerð 222 samþykkt en verður undirrituð síðar.

### 2) Fjármál - Uppgjör nóvember

Forstöðumaður fjármála fór yfir stöðuna í rekstri í nóvember og horfur í desember. Horfur varðandi afkomu ársins hafa batnað frá síðasta fundi, helstu ástæður eru að auglýsingasala gekk betur í desember, gengisþróun var hagstæð í nóvember og desember. Bætur fyrir hluta útlagðs og aukins kostnaðar vegna heimsfaraldurs hafa verið greiddar úr ríkissjóði alls 105 m.kr. Hagnaður var af rekstri nóvember eða 24 m.kr., tekjur eru 16 m.kr. undir áætlun en rekstur í heild á pari við áætlun og fjármagnsliðir 21,6 m.kr. undir áætlun vegna hagstæðs gengis. Afkoma ársins eftir ellefu mánuði er tap uppá 144 m.kr. Tekjur ellefu mánaða eru 270 m.kr. undir áætlun, sem er að stærstum hluta lækkun auglýsingatekna. Helstu frávik í rekstri deilda eru vegna viðbragða við heimsfaraldri og varúðarafskriftar vegna Brots. Afkoma ársins verður neikvæð en tapið verður þó heldur minna vegna aukinna tekna og hagstæðs gengis í desember.

Umræða um umgjörð samframleiðslu eins og þeirrar sem RÚV og Netflix stóðu að við Brot.

Bryndís Dagsdóttir yfirgaf fundinn.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum frá síðasta fundi. Farið var yfir stöðu mála og viðbúnað vegna COVID-19. Vel hefur gengið að vinna samkvæmt áætlun RÚV um órofinn rekstur og engin smit eða önnur frávik hafa komið upp undanfarna mánuði. Afhending menningarviðurkenninga RÚV fór fram með öðrum hætti vegna Covid, stefnumótunarvinna fyrir RÚV er framundan og ftr. RÚV hafa haft aðkomu að vinnu við mótun menningarstefnu til ársins 2030. Tímaætlun vegna stefnumótunarvinnu verður lögð fram á næsta stjórnarfund. Mat fjölmiðlanefndar á almannabjónustuhlutverki RÚV fyrir 2019 liggur fyrir og var útkoman jákvæð og geymir skýrsla fjölmiðlanefndar ítarlegar upplýsingar um starfsemi RÚV umrætt ár og hvernig almannabjónustuhlutverkinu var sinnt. Útvarpsstjóri vakti athygli á viðmælendagreiningu RÚV og fjallaði stuttlega um starfsumhverfiskönnun sem framkvæmd var í desember sl. Verið er að kynna niðurstöður hennar fyrir starfsfólki og stjórnendum. Rætt var um ýmsar upplýsingar í mælaborði stjórnar og þar á meðal þróun á áhorfi og hlustun.

### 4) Þjónustusamningur RÚV og MRN.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir því að nýr þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðherra hefði verið undirritaður undir lok síðasta árs eftir mikla vinnu. Hann væri í grunninn svipaður fyrri samningi en skerpt væri á ýmsum skilgreiningum auk nýrra atriða. Nokkur tímasett verkefni væri þar að finna og mörg áhersluatriði á ýmsum sviðum.

### 5) Önnur mál

#### Umræðupunktur:

Eirindi um starfsmannamál sem barst hluta stjórnarmanna var vísað til formanns og útvarpsstjóra til yfirferðar og úrlausnar.

Stuttlega rætt um stöðu RÚV á auglýsingamarkaði vegna umræðu síðustu daga.

Næsti fundur 24. febrúar kl. 16.15

Fundi slitið.

The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely representing the board members mentioned in the text. The signatures are written over the bottom portion of the document, partially overlapping the text. Some of the names are clearly legible, such as 'Máru', 'Jón Ólafsson', and 'Valgeir Vilhjálmsson'. The signatures are written in a cursive style.